Kópavogi 14. janúar 2026

Til Umhverfis- og skipulagsráðs
Formaður – Hjördís Ýr Johnson

Undanfarnar vikur hafa verktakar verið að vinna að undirbúningi niðurrifs á eignum Árkórs við Fannborg 2,4 og 6. Þá bárust tilkynningar til íbúa í póstkassa þeirra í Fannborg 1-9 (103 íbúðir) síðdegis í dag, 14. janúar þar sem fram kom að VSÓ Ráðgjöf myndi skoða eignir vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Fannborgarreit dagana 19.-27. janúar 2026.

Í ljósi þessa vil ég spyrja eftirfarandi spurninga og óska eftir skriflegum svörum á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 19. janúar 2026.

1 Er búið að gefa út byggingarleyfi frá Kópavogsbæ fyrir framkvæmdum, niðurrifi og sprengingum á Fannborgarreit
2 Hefur byggingarleyfið verið samþykkt í bæjarstjórn?

Á meðfylgjandi myndum sem teknar voru þann 14. janúar 2026 sést hvar risastór flutningatengivagn flytur skurðgröfu af stærri gerðinni inn á torgið fyrir framan Fannborg 2,4 og 6. Það stendur skýrum stöfum á vegg í Fannborginni að hámarksþungi svæðisins er 7 tonn (sjá mynd). Heildarþungi flutningavagnsins og gröfunnar er örugglega meira en 7 tonn.

Eftirfarandi spurningum er sömuleiðis óskað eftir að verði svarað á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 19. janúar 2026.

3 Hver var samanlagður heildarþungi flutningabílsins og gröfunnar sem þarna var flutt inn á torgið?
4 Hefur verið kannað hvort skemmdir hafi orðið á svæðinu eftir þessa keyrslu inn á svæðið fyrir framan Fannborg 2,4 og 6?
5 Hvernig verður eftirliti háttað með framkvæmdum á Fannborgarreit þegar og ef byggingarleyfið verður gefið út.
6 Verða menn látnir sæta viðurlögum við brotum af því tagi sem hér er framið?

Hákon Gunnarsson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026







Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026



Skilti sem sýnir 7 tonna hámarksþyngd

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026